



Ársskýrsla Beta-deildar 2004–2005

Stjórn deildarinnar skipa:

Halldóra Haraldsdóttir formaður

María Steingrímsdóttir varaformaður

Magna Guðmundsdóttir ritari

Selma Hauksdóttir meðstjórnandi

Jóhanna Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

Með stjórninni starfar fráfarandi formaður Anna Þóra Baldursdóttir.

Á starfsárinu verða haldnir átta fundir.

Fyrsta haustfund hófum við með hópumræðum varðandi hlutverk samtakanna og á hvern hátt við vildum starfa samkvæmt þeim. Viðfangsefni vetrarins voru ákveðin í samræmi við niðurstöðu hópumræðna þ.e. að styrkja okkur sjálfar, efla samkennd og auka þekkingu okkar á grenndarsamfélaginu einkum í tengslum við störf kvenna. Unnin var starfsáætlun fyrir árið og drög að starfi næsta árs. Jafnframt voru stofnuð tengslatrío, þrjár konur mynda hvert trio en hlutverk þeirra er m.a. að halda í félag, virkja þá og hvetja til þátttöku á fundum.

Nóvemberfundur var helgaður grenndarsamfélaginu. M.a. farið var á Iðnaðarsafnið á Akureyri þar rifjuðum upp gamlar minningar um Akureyri sem blómlegt iðnaðarsamfélag. Fundi síðan haldið áfram í Lundarskóla.

Á jólafundi þessa starfsárs heimsóttum við Punktinn - handverksmiðstöð sem upphaflega var stofnað til fyrir atvinnulaust fólk en hefur nú blómstrað í 10 ár. Nú þjónar Punkturinn öllum sem hafa áhuga á hverskyns handverki og tómstundavinnu. Unnið er í anda þeirrar hugsjónar sem lagt upp með, þ.e. að gefa fólki möguleika á því að læra eða finna sjálft verkþætti og nýta sér þá. Fundi síðan haldið áfram að heimili Jóhönnu Þorsteinsdóttur, þar voru teknir inn tveir nýir félagar, þær Eygló Björnsdóttir og Jórunn Elísdóttir og við opnuðum formlega heimasíðu deildarinnar; <http://staff.unak.is/not/hh/dkg/>

Hinn árlegi bókafundur var haldinn í janúar, nú heima hjá Mögnu Guðmundsdóttur. Þar fór fram kynning margra athyglisverðra bóka. Þessir fundir eru alltaf bæði fræðandi og áhugaverðir.

Leshringir voru viðfangsefni febrúarfundar þessa árs. Konur skipuðu sér í tvo hópá Annar hópurnir fjallaði um bókina *Björgu* eftir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og hinn um *Bóksalann frá Kabúl* eftir Ásne Seierstad. Markmiðið var hvorutveggja í senn að efla samkennd innan hópsins okkar sem og með sterkum konumbæði í íslensku og í öðrum menningarsamfélögum. Gefandi og áhugaverð umræða.

Marsfundurinn bar yfirskriftina *konur – samskipti – tjáning*. Markmiðið var sjálfstyrking. Anna Þóra Baldursdóttir starfandi deildarforseti kennaradeildar HA og María Steingrímsdóttir, aðjúnkt við sömu deild fjölluðu um mikilvæga þætti í tengslum við framkomu og framsögn við flutning úr ræðustól.

Þann 20. maí á þessu vori verður haldinn fundur á heimili Rósu Júlíusdóttur. Um verður að ræða aðalfund en síðan gefst konum tækifæri til að spjalla og styrkja tengslin yfir góðum mat.

Þetta árið höfum við ákveðið að boða til áttunda fundar starfsársins þann 2. júní á afmælisdegi Betadeildar. Þá munum við gróðursetja plöntur í svokölluðum Kvennareit í Naustaborgum. Í júní eru tuttugu ár liðinn frá því að konur gróðursettu fyrst í reitinn og viljum við minnst þess á afmælisdaginn.

Við leggjum áherslu á dreifa störfum þannig að hver og ein okkar fái verkefni á starfsárinu. Á hverjum fundi flytur ein úr hópnum orð til umhugsunar, í vetur hefur þemað verið *efst í huga*. Hefur m.a. verið rætt um fyrirhugaða styttingu framhaldssólans í þrjú ár, frásagnir frá gamalli tíð, upplifunum eftir för í ólíka menningarheima m.a. Indland og Kína. Á hverjum fundi sjá þrjár konur um veitingar og þannig hafa allar lagt eitthvað af mörkum að vori. Einnig er á hverjum fundi dreginn út happdrættisvinningur og er ágóðinn af happdrættinu lagður í starfssjóð Betadeildar. Í vetur leggjum við einnig í sjóð sem við hyggjumst færa íslensku deild barnahjálpar sameinuðu þjóðanna til styrktar skólahalds fyrir stúlkur í Afríku. Það er ástæða til þess að vekja athygli á virkni Betadeilar í landssambandinu og einnig í alþjóðasamtökunum. Forseti landssamtakanna s.l tvö ár og núverandi ritari þeirra eru félagar í Betadeild, svo er einnig um ritnefnd. Anna Þóra Baldursdóttir starfar í alþjóðlegri nefnd á vegum samtakanna.

Drög hafa verið lögð að starfinu veturinn 2005 – 2006. Rætt hefur verið um að hefja starfið með haustferð, þemað verður *menningarsetur í Eyjafirði*. Við munum halda áfram á sömu braut og verið hefur í vetur þ.e með efni í tengslum við sjálfstyrkingu og leshring. Einnig væntum við þess að fá að heyra frá rannsóknar- eða nýbreytnisstörfum félagskvenna.

Fyrir hönd Betadeildar
Halldóra Haraldsdóttir formaður